

Nd.

561. Frumvarp til laga

[124. mál]

um breyting á læknaþingarlögum, nr. 16/1955.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. marz.)

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

2. gr.

2. málsgrein 10. greinar laganna falli niður, en í stað hennar komi svo hljóðandi:

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisáðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráæslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélög lækna setja og birta almenníngi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá lækna, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

5. Ef samkomulag næst ekki um greiðslur samkvæmt liðum 2—4, semur landlæknir héraðslæknum gjaldskrá fyrir læknisverk, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.